

Nr. 20-064 S 048 Egill ÍS 77**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr.: 2340
Útgerð: SE ehf
Smíðaður: Hafnarfjörður/Pólland 1999, stál
Stærð: 64,51 bt.
Mesta lengd: 19,9 m Skráð lengd: 18,31 m
Breidd: 4,99 m Dýpt: 2,57 m
Vél: JOHN DEERE 373 kW, 2019
Fjöldi skipverja: 4



Egill©Sæmundur Þórðarson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 14. júní 2020 var draganótaskipið Egill ÍS 77 í höfn á Suðureyri. Veður: SSA 3-13 m/s. (Straumnes kl. 21:00)

Skipverjar voru að færa skipið að viðlegukanti eftir löndun við löndunarbryggju og áttu stutt eftir í hann þegar skipstjóri missti stjórn á skipinu með þeim afleiðingum að það rakst með stjórnborðs skut utan í bátana Valdísi ÍS 889 og Guðrúnu SH 90 en hún lá utan á þeim fyrnefnda (mynd 1). Skemmdir urðu á báðum bátunum (mynd 2).



Mynd 1 Gróf afstöðumynd af atvikinu



Mynd 2 Ákomurnar á Guðrúnu og Valdísi

Guðrún skemmdist talsvert á bakborðs bol og á Valdísi urðu skemmdir á rekkverki og bitum í miðjum bátnum.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn sagði að austan kviða hefði sett skipið af leið og hann hefði brugðist of seint við til að forða árekstri með því að setja það á ferð áfram;
- að skipstjórinn sagði siglingahraðann hafa verið u.þ.b. 1 til 3 hnútar;
- að eftir atvikið ætlaði skipstjórinn að fara varlegar innan hafnarinnar;
- að fram kom hjá hafnaryfirvöldum að það hefði verið A 8-10 m/s og nægt svæði til að athafna sig auk þess sem viðkomandi hefði verið vel kunnugur aðstæðum.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var óaðgæsla og mistök við stjórn skipsins.